

## **Umsjónakennari**

Í skólastarfinu er umsjónarkennarinn lykilpersóna. Hann er sá aðili sem þekkir nemendur öðrum fremur og getur veitt þeim þann stuðning og aðhald sem þurfa þykir. Í skólastarfinu er umsjónarkennarinn einnig tengiliður heimilis og skóla. Hlutverk umsjónarkennara er m.a. að hlutast til um andlega og líkamlega velferð nemenda sinna í samvinnu við foreldra/forráðamenn eftir þörfum. Umsjónarkennarar ræða við nemendur sína og fjalla almennt um þau mál sem snúa að vinnu, umgengnisreglum auk mála sem upp kunna að koma í einstökum bekkjardeildum. Umsjónarkennarinn hefur samband við foreldra/forráðamenn svo oft sem þurfa þykir. Hann skal t.d. hafa samband við foreldra/forráðamenn ef umsjónarnemendur hans læra ekki í tímum, sinna ekki heimanámi, sýna af sér ókurteisi eða vítaverða framkomu, leggja aðra nemendur í einelti, skrópa eða koma oft seint í kennslustundir. Einnig er mikilvægt að umsjónarkennarinn hafi samband þegar vel gengur. Gott samstarf við heimili tryggir góða skólagöngu nemenda og þá þarf líka að halda góðu atriðunum á lofti.

### **Umsjónarkennari:**

- Hefur umsjón með sínum umsjónarbekk.
- Fylgist með námi og þroska allra nemenda sinna og leitast við að skapa kennsluáðstæður sem eru hvetjandi til náms, vinnusemi og þroska.
- Fylgist með samskiptum nemenda sinna innbyrðis og grípur strax inn ef minnsti grunur leikur á einelti og fylgir þá vinnuferli eineltisáætlunar.
- Hefur samband við forráðamenn eftir þörfum.
- Vinnur náið með öðrum kennurum umsjónanemenda sinna. Vinnur einnig með öðrum kennurum eftir því sem við á.
- Situr kennara- og starfsmannafundi og aðra þá fundi sem skólastjóri felur honum.
- Tekur þátt í vinnu við skólanámskrá og ýmiss konar áætlunum innan skólans.
- Tekur við og leitar eftir upplýsingum um hegðun, námsframvindu o.fl. hjá sérgreinakennurum og öðrum upplýsingum sem þeir þurfa að koma á framfæri.
- Færir einkunnir og umsagnir inn í Námfús.
- Gengur frá stofu sinni í lok skóladags, eða þeirri stofu sem viðkomandi er að kenna í.

### **Hlutverk umsjónarkennara gagnvart námsaðstoð og sérkennslu**

- Ber ábyrgð á öllum nemendum úr umsjónarbekknum.
- Er í samstarfi við skólastjóra og stuðningskennara um nemendur sem þurfa sérkennslu.
- Vinnur með fagstjóra stuðningskennslu að einstaklingsnámskrám fyrir alla nemendur sem þess þurfa í hans umsjónarbekk.
- Situr nemendaverndarráðsfundi fyrir umsjónarnemendur þegar við á.
- Aðstoðar fagstjóra sérkennslu við við að útbúa tilvísanir.
- Sér um að nemendur hafi námsefni við hæfi í samráði við stuðningskennara.
- Sér um að gera samninga við forráðamenn ef kemur til þess að námi nemanda sé flýtt eða frestað í einstökum námsgreinum í samráði við skólastjóra og sérkennara.

### **Hlutverk umsjónarkennara gagnvart félagslífi og vettvangsferðum nemenda**

- Hefur umsjón með og fer í vettvangsferðir í samráði við aðra kennara í skólanum.
- Hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd ýmisskonar skemmtidagskrár síns bekkjar.
- Hefur umsjón með bekkjarkvöldum tvisvar á vetri og kemur oft að öðru félagslífi með nemendum innan skólans.

### **Hlutverk umsjónarkennara gagnvart agavandamálum sem upp koma**

- Fyrst ræðir kennarinn einu sinni eða oftars einslega við viðkomandi nemanda.

- Beri það ekki árangur, hefur umsjónarkennarinn samband við forráðamenn og er það skráð í dagbók viðkomandi nemanda í Námfús.
- Bæti nemandinn sig ekki, boðar umsjónarkennari bæði forráðamenn og nemanda í viðtal. Niðurstöður viðtalsins eru skráðar í dagbók nemandans í námfús og einnig hverjir mættu á fundinn. Á þessu stigi málsins má leita aðstoðar annarra sem að liði gætu orðið s.s. fagstjóra stuðningskennslu sem gerir uppbyggingaráætlun með nemandanum. Umsjónakennari og fagstjóri sjá um að fylgja eftir uppbyggingaráætlun. Komi enn í ljós að misbrestur sé á að nemandinn sinni námi sínu, er máli hans vísað til skólastjóra.
- Vísa nemanda til skólastjóra ef hann verður uppvís af óásættanlegri hegðun. Óásættanleg hegðun er t.d. að hindra og trufla skólastarf, hundska fyrirmæli starfsfólks, beita ofbeldi, stela eða skemma.